

Hverfisnefnd Naustahverfis

42. fundur, 11. sept. 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Ómar Ívarsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Sveina Björk Jóhannesdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Hrafnhildur E. Karlsdóttir sem varamaður

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Erindi frá Ágústi skólastjóra v/gönguljósa við Mýrarveg

Ágúst óskar eftir liðsinni hverfisnefndar vegna gönguljósa á Miðhúsabraut við Mýrarveg. Ákveðið að nefndin sendi erindi á framkvæmdadeild.

2. Lóðarfrágangur, bílastæði, sleppisvæði o.þ.h. við Naustaskóla

Rætt um mikilvægi þess að klára allan frágang á lóð og bílastæðum við Naustaskóla og sleppisvæðum sem allra allra fyrst. Eigi síðar en næsta sumar. Erindi á framkvæmdadeild.

3. Dalsbraut

Rætt um Dalsbraut að venju. Nú er búið að malbika göngustíg öðru megin Dalsbrautarinnar og allt stefnir í að Dalsbraut sunnan Skógarlundar verði klár með haustinu.

4. Erindi Hverfisnefndar frá því í vor

Farið yfir þau umkvörtunarefni sem Hverfisnefnd sendi á framkvæmdaráð í vor og svör við þeim. Sérstaklega fannst nefndinni svör vegna strætóskýla og grendarvalla einkennileg, þar sem Naustahverfi er sett í sama flokk og rótgróin hverfi varðandi viðhald á þessum atriðum. Ekki tekið tillit til þess að hér sé um nýtt hverfi að ræða þar sem þessa hluti vantar hreinlega, en ekki sé um viðhald að ræða. Erindi á framkvæmdadeild.

5. Gangbrautir

Rætt um þörf á því að hafa gangbrautir í hverfinu, sérstaklega þar sem þarf að ganga yfir götur til að komast í strætóbiðstöðvar. Einnig á fleiri stöðum, s.s, yfir Kjarnagötuna við Brekatún og fleiri staði. Erindi á framkvæmdadeild.

6. Aðalfundur

Stefnt að því að halda hann fimmtudaginn 18.10.2012 kl. 20:00 í Naustaskóla. Ræða við Ágúst skólastjóra um lán á salnum. Ræða við Helga Má Pálsson, framkvæmdadeild, hvort hann geti kynnt fyrirhugaðar framkvæmdir í hverfinu á næstu árum. Reyna líka að fá Eirík bæjarstjóra. Athuga hvort hann geti ekki flutt smá erindi um sína sýn á Naustahverfi, kosti þess og galla oþh.

7. Önnur mál

Rætt vítt og breitt um málefni hverfisins.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.